LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

ÁSKORUN

Landssamband smábátaeigenda skorar hér með á Sigurð Inga Jóhannsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að aflétta banni við makrílveiðum smábáta og heimila þær til 1. október.

Á grundvelli sprengingar sem orðið hefur í göngu makríls inn að fjöruborði á undanförnum dögum, telur landssambandið brýnt að stórauka verði veiðar við strendur landsins. Smábátaeigendur hafa komið sér upp öflugum flota til veiða á þeirri slóð. Það er mikilvægt að nýta veiðigetu þeirra til öflunar verðmæta og aukinnar atvinnusköpunar fyrir land og þjóð, sem er í samræmi við byggðastefnu stjórnvalda.

Bent skal á að færaveiddur makríll er verðmeiri en annar makríll og eingöngu veiddur til manneldis. Í dag hefur makríllinn náð þeirri stærð sem gerir hann um þrefalt verðmeiri en í upphafi vertíðar. Smábátaútgerðir sem hafa verið að makrílveiðum á þessari vertíð gætu því með veiðum í september skilað góðri afkomu í stað þess að nú hriktir í hjá mörgum.

Landssamband smábátaeigenda telur áhættu í því fólgna að hin mikla makrílganga fái óáreitt að gera usla í viðkvæmu lífríki við strendur landsins. Bent skal á að þrátt fyrir góðæri hefur nýliðun helstu nytjastofna brugðist undanfarin ár. Vísindamenn kunna ekki skýringar á því, en hafa nefnt að ef til vill eigi makríllinn sinn þátt í því.

Þá gerist sú spurning áleitnari með ári hverju hvort makríllinn eigi þátt í hinum miklu sveiflum í laxveiði og hnignun veiðiáa, sem verið hefur frá því hann nam hér land.

Með veiðum nú í september mundi fást mikilvæg reynsla af göngu og atferlismynstri makrílsins.

5. september 2014

Landssamband smábátaeigenda


LANDSSAMBAND
smábátaeigenda